

Mál nr. 81/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar****Skaðabótaábyrgð vegna falls á bílastæði 7. september 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 3. mars 2020 ásamt gögnum.

Bréf V, dags. 31. mars 2020, ásamt mynd af vettvangi.

Bréf lögmanns M, dags. 6. apríl 2020, ásamt myndum af vettvangi.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að ganga út úr verslun X þegar hún kveðst hafa krækst í hjólagrind sem komið var fyrir á bílastæði við verslunina og við það dottið á hnén og borið fyrir sig hægri olnboga og vinstri úlnlið. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur fram að farið hafi verið í gegnum sjúkraskrá M á heilsugæslustöð og er þar minnst á í færslu frá 15. nóvember 2017 að M hafi dottið á öxlina „...fyrir nokkrum vikum síðan.“ Í sama læknisvottorði kemur fram að hálfu lækni sem vottorðið ritar að ekki sé hægt að fullyrða að sú koma sé vegna frítímaslyss frá 7. september 2017. Í öðru læknisvottorði dags. 11. júlí 2019 kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu 8. september 2017 þar sem hún hafi fengið áverka á stórutá. Í því læknisvottorði er einnig lýst samskiptum við lækna í nóvember 2017 og 2018 vegna eymsla í vinstri úlnlið sem og í mars 2019.

M telur sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt á bílastæðinu og hún hafi leitað til lækni vegna afleiðinga þess í nóvember 2017 og þá verið greind með mjúkpatabólgu í vinstri úlnlið. Ári síðar hafi hún síðan leitað aftur til lækni vegna þeirra áverka sem og verkja í báðum hnjám og hafi verið til meðferðar bæði hjá handaskurðlækni og gigtarlækni síðan. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar þar sem hjólagrind hafi verið þannig komið fyrir á bílastæði X að hætta hafi stafað af. Erfitt hafi verið fyrir gangandi vegfarendur að koma auga á hjólagrindina þar sem hún hafi verið við horn á húsi verslunar X og gera verði ríkar kröfur til eigenda verslana um öryggi og aðkomu að húsnæði þeirra. M bendir einnig sérstaklega á að eftir slys hennar og annarrar konu hafi hjólagrindin verið fjarlægð auk þess sem áberandi gular járnstangir hafi verið settar upp í kringum sömu hjólagrind þegar hún hafi verið sett upp aftur.

V telur að aðstæður á vettvangi hafi ekki verið saknæmar af hálfu X. Myndir sýni að hjólagrindin hafi verið staðsett á skærgrænum fleti þar sem máluð hafi verið mynd af reiðhjól og hafi yfirborð bílastæðis gefið skýrlega til greina að vegfarendur þyrftu að gæta að sér þar sem um stæði fyrir reiðhjól hafi verið að ræða. Einnig bendir V á að lýsing M sjálfrar af atvikum bendi til þess að hún hafi verið með innkaupapoka og veski í báðum höndum og alveg eins líklegt að M hafi hrasað um pokana. Einnig bendir V á að ósannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við fallið og vitnar þar til læknisvottorðs dags. 27. ágúst 2018.

Álit.

Í málinu liggja fyrir myndir af vettvangi, bæði af aðstæðum eins og þær voru þegar M féll og eftir það. Af þeim myndum verður ekki annað ráðið en að hjólagrindum hafi verið komið fyrir á fleti þar sem skýrlega var málað með áberandi grænum lit að um stæði fyrir reiðhjól væri að ræða. Þannig var auðvelt fyrir vegfarendur að sjá hjólagrindur á grænmálaðri stéttinni og augljóst ekki var um venjulega gönguleið að ræða um hana. Þó fyrirkomulagi hafi verið breytt síðar verður það eitt ekki talið leiða til skaðabótaábyrgðar af hálfu X. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.